



Alþingi
B.t. Allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 1. nóvember 2023

Föst starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri
327. Mál, þingskjal 334

Efni: Umsögn Félag íslenskra atvinnuflugmanna um tillögu til þingsályktunar um fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslu Íslands á Akureyri.

Vísað er til erindis frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis dags. 19. október 2023 þar sem óskað er eftir umsögn frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna um tillögu til þingsályktunar um fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri, 327. mál, þingskjal 334.

Félag íslenskra atvinnuflugmanna telur að föst starfsstöð björgunarþyrlu á Akureyri væri mikið heillaskref þegar kemur að öryggi þjófðarinnar í lofti, láði og legi. Slíkt fyrirkomulag myndi stórbæta neyðarþjónustu og viðbragðsgetu við norð- og austanvert landið sem og hafsvæðum þar við.

Staðsetning Akureyrar er mjög góð er varðar innviði og aðbúnað en tryggja þyrfti aðstöðu fyrir þyrlu og flugáhafnir. Einnig ber að geta að fjallgarðar í kring geta lengt flugtíma frá Akureyri í verri veðrum.



Mynd sýnir flugdrægni þyrlna LHG miðað við eina klukkustund í flugi

Mikil sérhæfing, kostnaður og þjálfun liggur að baki hverjum áhafnarmeðlimi og ljóst er að auka þyrfti fjölda áhafna. Að færa starfsemi á milli landshluta getur raskað starfsmannahaldi og er því mikilvægt að það sé vandað vel til verka og aldrei gefin afsláttur af flugöryggi.

Ef/þegar umrædd þingsályktunartillaga verður samþykkt er mikilvægt að Landhelgisgæslunni verði tryggt nægt fjármagn til uppbyggingar og reksturs slíkrar þjónustu á Akureyri.



Virðingarfyllt,
fyrir hönd Félags íslenskra atvinnuflugmanna

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Jón Hörður Jónsson', is written over a horizontal line. The signature is fluid and cursive.

Jón Hörður Jónsson
Formaður Öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna